

24. júní 1993

469

Nr. 242

AUGLÝSING

um jöfnunartoll á smjörlíki.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð jöfnunartoll af innfluttu smjörlíki. Jöfnunartollurinn leggst á hvert kíló smjörlíkis eins og greinir í eftirfarandi gjaldskrá:

Tollskrárnúmer	kr/kg
1517.1011	120
1517.1019	40
1517.1021	120
1517.1029	30

2. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, lögvernd, viðurlög og aðra framkvæmd álagningar og innheimtu jöfnunartolls skulu ákvæði laga nr. 55/1987, með síðari breytingum, gilda eftir því sem við á, svo og ákvæði reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

3. gr.

Tollstjórar annast innheimtu jöfnunartolls samkvæmt þessari auglýsingu og standa skil á honum í ríkissjóð eftir fyrirmælum sem fjármálaráðuneytið setur, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975, um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

4. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 118. gr. tollalaga nr. 55/1987 og öðlast gildi þegar í stað. Auglýsingin tekur til allra vara sem eru ótollaðgreiddar við gildistöku hennar.

Fjármálaráðuneytið, 24. júní 1993.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.